


Listmálarafélagið

Sýning 1983



Kjarvalsstaðir, 16. júní – 10. júlí

Félagar í Listmálarafélaginu

Ágúst F. Petersen
Björn Blinnir
Bragi Ásgeirsson
Eliás B. Halldórsson
Einar G. Baldvinsson
Einar Hákonarson
Einar Portákksson
Guðmunda Andrésdóttir
Gunnar Órn Gunnarsson
Halsteinn Austmann
Hrólfur Sigurðsson
Jóhannes Geir
Jóhannes Jóhannesson
Karl Kvaran
Kjartan Guðjónsson
Kristján Davíðsson
Sigurður Sigurðsson
Svavar Guðnason
Steinþór Sigurðsson
Valtýr Pétursson
Vilhjálmur Bergsson
Þorvaldur Skúlason

Listmálarafélagið er samtök málara, sem efla vilja framgang myndlistar í landinu á lýðræðislegan hátt og stuðla að auknum áhuga almennings á málalísi.

Í Listmálarafélaginu eru ýmsir af fremstu málurum þjóðarinnar, sem mótað hafa þá þróun, sem orðið hefur í málalísi síðustu áratugina. Allir í félaginu eiga að bæki margar sýningar á verkum sínum og hafa flestir dvalið erlendis um árabíl við nám og lísköpun. Flutt til Íslands straua og stefnur, sem íslenska þjóðin hefði annars naumast kynnt nema af afspurn og við skoðun bóka og tímarita.

Margar skoðanir eru uppi um gildismat líta og forma, og þannig hefur það verið í gegnum tímar og þjartar og langar aldir mannkynssögunnar. – Svo er það enn þann dag í dag – á Íslandi eins og í umheiminum.

Félagar eru nú 22 talsins og hafa starfað og sýnt í flestum helztu menningarmiðstöðum heimsins svo sem París, München, New York, Róm og Amsterdam, svo aðeins séu nefndar fáeinar stórborgir lístárinna.

Sem Væringja er síður, hafa þeir meðtekið ferska straua og borið hróður lands og þjóðar á veggjum sýningarsala framandi landa og þjóða, – og eiga vissulega margt ógert í þeim efnum.

Árlega efnir félagið til sýningar á Kjarvalsstöðum, ef tók eru á, og þar á að vera mögulegt að kynna mörgu af því helzta, sem er að gerast í lísköpun, þar sem litur og form skipta meginmáli. Félagar geta þeir orðið, sem boðin er þátttaka, en engu að síður er hér þegar um mjög fjölbreytilegan hóp myndlistarmanna að ræða. Þess skal að lokum getið, að á vegum félagsins og fleiri aðila er á döfinni vaxandi starfsemi, sem stefnir að því að kynna það helzta, sem mótar íslenska myndlist og annarra þjóða.

Guðni Þórðarson

The Painter's Society is an association of painters who are interested in the democratic advancement of art in Iceland and the promotion of public interest in painting.

The Society's membership includes some of the most prominent Icelandic painters today, architects of the main developments in Icelandic painting over the past decades. All have many exhibitions to their credit, and most of them have worked and studied abroad for many years, bringing back to Iceland trends and developments which Icelanders would otherwise only have known by hearsay or from foreign books and magazines.

Many and various are the values attached to colour and form. This has been so throughout the long, dark and bright ages of history, and is still so today in Iceland as in the world around us.

Members now number 22, having worked and exhibited in most of greatest cultural centres of the world, Paris, Munich, New York, Rome and Amsterdam, to name only a few of the great cities of world art.

In the spirit of the widely-travelled Vikings of old they have accepted fresh ideas and spread renown for their people and country on the walls of galleries in distant lands – and have doubtless many exploits still to perform.

Whenever possible the Society holds an annual exhibition at Kjarvalsstaðir, where one can catch up on many of the salient developments in art today, where colour and form are the most important factors. Membership is by invitation, although the group already comprises a wide spectrum. Finally it should be mentioned that plans are afoot both within the society and without to publicize more widely the main artistic developments in Iceland and abroad.

Guðni Þórðarson

Jóhannes Jóhannesson




Hrólfur Sigurðsson



Kristján Davíðsson



Ejörn Birnir





Þorvaldur Skúlason

Á síðastliðnu ári, er Listmálarafélagið var stofnað, fæddist fljótlega sú hugmynd að gera sýningarskrár félagsins sem veglegastar úr garði og kynna félagsmenn eftir bestu getu hverju sinni. Litill umbóttunartími gerði það ókleyft þá, en nú hefjumst við handa og rennum úr hlaði með sérstakri kynningu á nestor félagsins, Þorvaldi Skúlasyni, ásamt almennri kynningu á öðrum félagsmönnum. Allt er einu sinni fyrst, og vonum við, að á næstu árum verði okkur kleyft að kynna fleiri listamenn sérstaklega í hverri sýningarskrá.

Fyrirhugað er að hafa sýningarskrána í sama broti ár hvert, þannig að glöggst yfirlit fáiast á sýningum félagsins og þróun þess á milli ára.

ÞORVALDUR SKÚLASON er fæddur á Borðeyri við Hrótafjörð hinn 30. apríl árið 1906 og voru foreldrar hans þau Elin Theódórsdóttir og Skúli Jónsson frá Auðólfssstöðum í Langadal. Á fimmta ári fluttist hann með foreldrum sínum til Blönduóss, þar sem faðir hans gerðist kaupfélagsstjóri, og þar tók hann út þroska til fimmtán ára aldurs. Hneigð til lista má finna í ætt Þorvalds og bernskuumhverfi, sem ýtt gat undir listrænan áhuga. Móðurafi hans var vel dráttgaur í skóla og viðhorf foreldra hans til lista var opið og vinsamlegt, á heimilinu voru bækur um listir og tónlist var iðkuð í nokkrum mæli.

Á Blönduósi áttu ýmsir framámenn erlend og innlend málverk og þá einkum eftir Ásgrím Jónsson. Á fimmtánda ári verður Þorvaldur messadrengrur á gamla Gullfossi og eitt helsta áhugamál hans í landlegum í Edinborg og Kaupmannahöfn voru heimsóknir á listasöfn. Það var Þórarinn B. Þorláksson, er leiðbeindi honum fyrst í myndlist, en svo lá leiðin til Ásgríms Jónssonar, er setti honum verkefni og fylgdist með framvindu þeirra og leiðrétti.

Sá listamaður, er átti þó eftir að hafa einna sterkust áhrif á Þorvald, reyndist þó vera Jón Stefánsson og naut hann mikillar leiðsagnar hans. Jón Stefánsson glæddi hjá Þorvaldi skilning fyrir formfestu, rökfræði og áhrifamikilli burðargrind teikningarinnar. En einnig komu hér til áhrif frá litbjörtum myndum Ásgríms og fólksvalausri einlægni Þóraríns B. Þorlákssonar.

Þorvaldur tók stórstígum framförum strax á fyrstu námsárum og sýndi fyrst verk sín á vorsýningu Listvinafélagsins árið 1927, þá aðeins rúmlega tvitugur. Hlaut hann einna bestu listrýnina í Alþýðu- og Morgunblaðinu. Var strax á fyrstu námsárum og sýndi fyrst verk sín á vorsýningu Listvinafélagsins árið 1927, þá aðeins rúmlega tvitugur. Hlaut hann einna bestu listrýnina í Alþýðu- og Morgunblaðinu. Var strax ljóst, að hér var kominn fram málari, er vildi leita að innri lífæðum viðfangsefnanna frekar en að líkja eftir útliti þeirra.

Fyrstu sýningu sína heldur Þorvaldur í Bárinni í febrúar árið 1928 og vakti Morgunblaðið sérstaka athygli á henni. Velgengni sýningar hins komunga myndlistarmanns varð til þess, að Alþingi veitti honum 500 króna styrk það árið.

Næst lá leiðin til frekara náms í Osló haustið 1928 og naut hann hér góðra orða Jóns Stefánssonar til prófessors Axel Revolds, er var skólabróðir Jóns hjá Henri Matisse forðum daga.

Listaháskólinn í Osló var þá sem oft einn hinn merkasti í norðurálfu og hér hlaut Þorvaldur enn frekari þjálfun í strangri formskipan. Í Osló komst hann í nán kynni við franska listhefð, þegar þar var haldin mikil sýning á blóma franskrar málaraistar þeirra ára. Það sannfærði hann enn frekar um, að málverk væri sjálfstætt afl innan listarinnar, er lyti eigin lögmálum og sækti styrk sinn til þeirra en ekki beinna frásagnarlegra atriða.

Sýningin hafði þau áhrif á Þorvald, að hann fýsti að halda til Parísar og nema þar enn frekar og að ráðum Axels Revolds hóf hann nám í skóla Marcel's Gromaire, þar sem hann var viðloðandi í tvo vetur. Þorvaldur heldur svo til Kaupmannahafnar og er búsettur þar til ársins 1938, er hann tekur aftur stefnuna til Parísar, þá nýgiftur, og lá leiðin einnig suður á bóginn til Taormina

á Sikiley. Sama árið heldur hann út til Íslands og heldur sýningu á myndum, er hann nefnir óhlutrænar. Heldur til Parísar að lokinni sýningunni og hugðist setjast þar að. En fljótlega þar á eftir skall heimsstyrjöldin á og Þorvaldur komst við illan leik heim til Íslands í gegnum suður Frakkland og London.

Flest stríðsárin málaði Þorvaldur myndir hlutlægs eðlis, þar sem hann leggur áherslu á að upplifa og þrængja sér inn í kjarna efniviðar síns. Efniskennnd litanna skipti hér miklu máli ásamt burðargrind teikningar, forma og lita, frekar en hreinar eftirlíkingar. Þær voru í raun í hæsta máta huglægar í samruna birtu, skugga og forma – öllu frekar en að hér væri á ferð almenn sjónreynsla, er hann hugðist miðla öðrum og fegra.

Þorvaldur hélt haustið 1943 sýningu í Listamannaskálanum ásamt Gunnlaugi Scheving, er mikla athygli vakti meðal kunnáttumanna og oft er vitnað til í ræðu og riti. Hið hlutlægra yfirgaf Þorvaldur svo á næstu árum, fyrst í málverki, en þó teiknaði hann tiltölulega hefðbundið varðandi lýsingu í Njálu og Grettlu í útgáfu Halldórs Laxness og Helgafells árið 1945–46.

Allir, sem með listum fylgjast, vita, hvíliku fjaðrafoki umbyltingin í list Þorvaldar Skúlasonar og félaga hans olli á árunum eftir stríð. Má jafnvel til sanns vegar færa, að deilur um listir hafi ekki verið illvígari né risið hærra í annan tíma hérlendis á þessari öld. Að sjálfsögðu er hér átt við Septembersýningarnar svo og þá strauma, er ruddu sér til rúms í listum eftir margra ára einangrun.

Styrjaldir fæða jafnan af sér stórstígar breytingar á högum fólks og hugsunarhætti. Um það eru báðar heimstyrjaldirnar í Evrópu lýsandi dæmi. Evrópa var ekki söm og uppbygging hennar krafðist í báðum tilvikum ferskra viðhorfa til að leysa úr læðingi þor og krafta til nýrrar uppbyggingar. Fyrri heimstyrjöldin fór að vísu næsta fram hjá okkur, þótt Íslendingar vissu vel og áþreifanlega af henni, – en hin síðari var nær við tünfóttinn og fréttir af hildarleiknum bárust daglega í fjölmiðlum. Því urðu breytingarnar máski um sumt harkalegri hér en víða annars staðar, vegna þess að hér var ekki um endurtekningu að ræða svo sem á meginlandinu eftir fyrri heimstyrjöldina, heldur nýjar og ferskar staðreyndir, sem rumskuðu duglega við mönnum. Því komu hér fram harkalegri viðbrögð en víða annars staðar, þótt hvarvetna væri deilt.

– Allt frá því að Þorvaldur söðlaði yfir í óhlutbundin form á þessum umbrotaárum, hefur hann fylgt sannfæringu sinni út í ystu æsar og hvergi hopað þrátt fyrir mótbyr og skilningsleysi. Breytingarnar á list hans hafa að vísu verið miklar en meira á yfirborðinu en í sjálfrni grundvallarhugsuninni, því að ávalt eru það rýmið og birtan, sem eru gegnumgangandi atriði í myndum hans ásamt form- og litrænni hugsun. Og svo hefur það verið hjá öllum góðum málurum, hvort sem þeir vinna hlutbundið eða óhlutbundið. Það sem máli skiptir er hin innri og þroskaða upplifun, og slíkar eigindir verða aldrei úreitar, heldur ávalt varanlegur og ferskur sannleikur.

Bragi Ásgeirsson.



Kjartan Guðjónsson



Valtýr Pétursson

Einar Þorláksson



Einar Hákonarson



MYNDASKRÁ

Agúst F. Petersen f. 1911

1. Vetur 1982, olía á striga, 74×59 (einkaeign).
2. Húsin við hafið, olía á masonit, 1983, 58×84.
3. Í smíðu listamanns, olía á masonit, 1979–80, 52×76.
4. Fisklabinn og hafið, olía á masonit, 1980–83, 58×84.
5. Vala og nárustu, olía á masonit, 1983, 68×57 (eign listamanns).

Björn Birnir f. 1932

Á fómum vegi.

1. Acryl á striga, 1982, 140×220.
2. Acryl og collage á striga, 1981, 108×116.
3. Acryl á striga, 1982–83, 199×172.
4. Acryl á striga, 1981, 124×126.5.

Bragi Ásgeirsson f. 1931

1. Vinkonur, steinþrykk, 1983, 68×50.
2. Stertimennið, steinþrykk, 1983, 68×50.
3. Eroica, steinþrykk, 1983, 68×50.
4. Listasaga, steinþrykk, 1983, 68×50.
5. Ástríður, steinþrykk, 1983, 68×50.

Einar Hákonarson f. 1945

1. Komið í næturstað, olía á striga, 1983, 180×200.
2. Sjálfsmynd, olía á striga, 1983, 70×100.
3. Skákmenn, olía á striga, 1983, 100×120.
4. Kona á rauðum kjól, olía á striga, 1983, 160×130.
5. Svefn, olía á striga, 1983, 120×150.

Einar G. Baldvinsson f. 1919

1. Gamlar verbúðir, olía á striga, 1982, 105×130.
2. Gamalt sjávarpláss, olía á striga, 1983, 55×65.
3. Hornbjarg, olía á striga, 1982, 80×100. Einkaeign.
4. Strandið, olía á striga, 1983, 50×70.
5. Skip í höfn, olía á striga, 1983, 85×105.

Einar Þorláksson f. 1933

1. Ljóð, pastel, 1982, 26×36.
2. Ljóð, pastel, 1982, 26×36.
3. Ljóð, pastel, 1982, 26×36.
4. Ljóð, pastel, 1982, 26×36.
5. Ljóð, pastel, 1982, 26×36.
6. Pegasus, akryl á striga, 1981, 105×130.
7. Í minningu myndhöggvara, akryl á striga, 1983, 80×110.
8. Melancolia, akryl á striga, 1981, 135×105.

Elias B. Halldórsson

1. Gleðimát, olía, 105×120.
2. Drjúpani, olía, 105×90.
3. Daður-Lobba, olía, 100×100.

Guðmunda Andrésdóttir f. 1922

1. Vorpeyr, olía á striga, 1983, 85×95.
2. Heiðablaín, olía á striga, 1983, 85×95.
3. Kvöldljóð, olía á striga, 1983, 85×95.

Hafsteinn Austmann f. 1934

1. Rökkur, oila á striga, 1980-83, 150×200.
2. Spenna, oila á striga, 1982, 80×95.
3. Sveifla, oila á striga, 1982, 80×100.

Hrólfur Sigurðsson f. 1922

1. Hengill, oila á striga, 1983, 70×85.
2. Frá Þingvöllum, oila á striga, 1982, 40×50.
3. Á Mostellsheiði, oila á striga, 1983, 50×65.

Jóhannes Geir f. 1927

1. Áning í þoku, oila á striga, 1983, 90×65. Einkaeign.
2. Rauðhólar, oila á striga, 1981, 125×80. Einkaeign.
3. Á Litlasandi, oila á striga, 1982, 105×80. Einkaeign.
4. Hekjeldar, oila á striga, 1983, 100×80. Einkaeign.
5. Elliðaárdalur, oila á striga, 1983, 100×80. Einkaeign.

Jóhannes Jóhannesson f. 1921

1. Svört strönd, akryl á striga, 1983, 40×45.
2. Guí strönd, akryl á striga, 1983, 40×45.
3. Húm, á striga, 1983, 70×75.
4. Á hvítum grunni, oila og akryl, 1983, 100×90.

Kjartan Guðjónsson f. 1921

1. Fjölskyldan, oila á striga, 1982, 80×100.
2. Grjótaporpið, oila á striga, 1982, 80×70.
3. Strákurinn, oila á striga, 1982, 65×75.
4. Gamli bærin, oila á striga, 1982, 70×80.
5. Meistarakeppnin, oila á striga, 1982, 90×105.

Kristján Davíðsson f. 1917

1. Flæðarmál, oila á striga, 1983, 95×100.
2. Næstum, oila á striga, 1982, 90×75.
3. Logn við landsteina, oila, 1982, 100×95.

Sigurður Sigurðsson f. 1909


1. Glöð í sandinn, 1983, 120×90.
2. Hausti á Mikonos, 1979, 100×80.
3. Gamall maður, 1983, 80×70. Einkaeign.
4. Landslag, 1983, 100×80. Eigandi Guðni Þórðarson.

Valtýr Pétursson f. 1917

1. Kymur, oila á striga, 1983, 50×76.
2. Skúlar, oila á masonit, 1983, 60×48.
3. Úppstilling, oila á striga, 1983, 60×90.
4. Túnis, vatnslitir, 1983, 35×47.
5. Húsafell, vatnslitir, 1983, 35×47.
6. Sjóndeildarhringur, vatnslitir, 1983, 35×47.

Þorvaldur Skúlason f. 1908

1. Sveifla, oila á striga, 1976, 145×220.
2. Sveifla, oila á striga, 1969, 220×160.



Elias B. Halldórsson

Sigurður Sigurðsson



Guðmunda Andrésdóttir



Jóhannes Geir



Following the founding of the Painter's Society last year, the idea soon arose of having the exhibition catalogues as resplendent as possible, including in each edition a brief presentation of the members of the Society. Although time was too short last year, we are now launching the project by introducing the Nestor of our Society, Thorvaldur Skúlason, together with a brief note on the other members. There is a first time for everything, and we hope that in future years we will be able to feature presentations of other artists in each Catalogue. The plan is to retain the same format in the Catalogue every year, and thus produce a coherent survey of the Society's exhibitions and development over the years.

THORVALDUR SKÚLASON was born at Bordeyri in Hrútafjörður on the 30th April 1906. His parents were Elin Theodórsdóttir and Skúli Jónsson from Auðófsstaðir in Langidalur. When he was five the family moved to Blönduós where his father became manager of the local Cooperative Society. Here Thorvaldur lived his formative years until he was fifteen. Artistic leanings were evident in Thorvaldur's family and environment; his grandfather on his mother's side was known for his drawing abilities at school, and his parent's attitude towards the arts was open and favourable, there were art books in the home and music was often played. Several of the more influential citizens of Blönduós owned Icelandic and foreign works of art, especially by Ásgrímur Jónsson. At the age of fifteen Thorvaldur became cabin boy on the old s. s. Gullfoss, and on shore leave in Edinburgh and Copenhagen his main delight was visiting the exhibition halls. Thórarinn B. Thórláksson was his first instructor, and later he came under the guidance of Ásgrímur Jónsson who assigned him various tasks, following their progress and correcting them. But the artist who was to influence Thorvaldur more than most others turned out to be Jón Stefánsson, from whose wise guidance he benefitted greatly. Jón Stefánsson woke in Thorvaldur his feeling for strength of form and structure and the importance of a logical framework, but Ásgrímur's colourful paintings and Thórarinn B. Thórláksson's guileless sincerity also combined to influence him. Thorvaldur made giant strides in his early years of study and was only just over twenty when he first exhibited in the spring exhibition of the Society of Art Lovers in 1927. Amongst the press reviews on this occasion the newspapers *Alþýðublaðið* and *Morgunblaðið* accorded him glowing tribute. It was clear from the beginning that this was a painter who was concerned more with the inner pulse of his subject-matter than its outward appearance.

His first solo exhibition was in Báran in Reykjavík in February, 1928, and *Morgunblaðið* gave it special notice. The success of this young painter's first exhibition was such that Parliament awarded him a stipend of 500 krónur for that year.

Aided by the recommendation of Jón Stefánsson he went to Oslo in the autumn of 1928 to study under Professor Axel Revold. Axel Revold and Jón had been together of old as pupils of Henri Matisse.

The Academy of Art in Oslo was then as later one of the most remarkable institutions in Europe and here Thorvaldur received further training in strict organization of form. In Oslo he came into contact with French tradition when a large exhibition of the best of contemporary French paintings was held there. He became even more convinced that each painting was an independent entity within the genre, subject to its own laws and drawing its strength from them rather than from its representational elements.

The exhibition fired Thorvaldur with eagerness to go to Paris and study there, and following Axel Revold's advice he enrolled in Marcel Gromaire's school, which became the focus of his studies for the next two years. After this Thorvaldur returned to Copenhagen and lived there

Þorvaldur Skúlason



until 1938, when he returned, newly married, to Paris, and thence south to Taormine in Sicily. The same year he visited Iceland and held an exhibition of pictures here which he called abstractions. After the exhibition he returned to Paris, intending to settle there, but the outbreak of war shortly afterwards forced him to make a narrow escape through the South of France and he returned home to Iceland via London.

Most of Thorvaldur's paintings during the war years are representational, and in them he seeks to experience and enter into the very being of his subject-matter. The texture of the colours is of great importance here, as is the structure of the picture in form and colour, rather than pure representation. These pictures are in fact highly subjective in their synthesis of light and shade, rather than beautiful visual experiences offered by the painter to his public. In the autumn of 1943 Thorvaldur opened an exhibition with Gunnlaugur Scheving in Listamannaskáli in Reykjavík, which caused a great deal of interest amongst the cognoscenti and has been the subject of much comment ever since. Thorvaldur abandoned representational art during the following years, first in painting, although his illustrations to Halldór Laxness's editions of the Sagas of Njáll og Grettir, published by Helgafell in 1945-6, demonstrate a fairly traditional treatment of light and shade.

As everyone who is interested in the subject knows, the artistic revolution pioneered by Thorvaldur Skúlason and his colleagues in the years following the Second World War caused a tremendous commotion. Without exaggeration it can be said that at no other time in Iceland during this century has artistic controversy risen to such passionate and vehement heights, sparked off by the September Exhibitions and the new currents in art which had now reached Iceland after many years of isolation. Wars always herald great and rapid changes in men's ways of life and thought, as both the World Wars in Europe have shown. The face of Europe had changed drastically, and entirely new approaches were necessary to release the necessary power and resolution for the task of restoration. The First World War passed us by to a large extent, although by no means unnoticed or unfelt, but the Second World War knocked at our very doors and presented itself to us daily through the media. Some of the ensuing changes were thus more violent here than elsewhere in Europe, which had already suffered the experience of the First World War. Icelanders were presented with a new and startling vision which came as a massive jolt to them. This is perhaps why a rather more violent reaction in the artistic field was elicited here than elsewhere, although there were clashes everywhere.

Ever since Thorvaldur turned to abstract form during these years of upheaval, he has followed his convictions to the utmost and never hesitated in the face of adversity or lack of understanding. There have of course been dramatic changes in his work, but they have occurred rather on the surface than in the underlying concepts, for space and light have always been essential factors in his work, together with expression of colour and form. This is the case with all great painters, whether abstract or representational. What matters is the mature inner experience – all such elements outlive fashion, and stand forever as fresh and lasting truths.

Bragi Ásgeirsson.



Hafsteinn Austmann

Einar G. Baldvinsson





Ágúst F. Petersen

Gallerið íslensk list, Icelandic Art Center, Vesturgötu 17, Reykjavík.



SÝNINGARSALUR OG SÖLUMIÐSTÖÐ

Fyrir aðeins það besta í
íslenskri myndlist

Verk eftir flesta þekktustu
myndlistarmenn þjóðarinnar

GALLERY

Where you only find the best
in Icelandic art



GALLERÍÐ ÍSLENSK LIST
ICELANDIC ART CENTER

VESTURGÖTU 17, REYKJAVÍK

ÚRVAL
AF VÖRUM TIL
LISTMÁLUNAR

Málariinn

Grensásvegi 11
Símar 83500 – 83539

